

Fimmtudaginn 3. september 1998.

Nr. 274/1998.

Elvex Corporation

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Hf. Eimskipafélagi Íslands

(Pétur Guðmundarson hrl.) og

Atalanta Schiffahrtsgesellschaft mbH & Co.

(Garðar Briem hdl.)

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. júní 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 1. júlí sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júní 1998, þar sem fallist var á þær kröfur varnaraðila, að sóknaraðila yrði gert að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í máli sínu á hendur þeim. Kæruheimild er í o-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að kröfum varnaraðila um málskostnaðartryggingu verði hafnað, en til vara, að fjárhæð tryggingarinnar verði ákveðin lægri en gert var í úrskurði héraðsdóms. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn Hf. Eimskipafélag Íslands krefst þess aðallega, að sóknaraðila verði gert að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar að mati Hæstaréttar, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Verði málinu vísað frá dómi, ef málskostnaðartrygging verður ekki sett. Þá krefst þessi varnaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn Atalanta Schiffahrtsgesellschaft mbH & Co. krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur og sóknaraðila gert að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðilinn Hf. Eimskipafélag Íslands hefur ekki kært úrskurð héraðsdóms fyrir sitt leyti. Hann getur því ekki haft uppi kröfu fyrir Hæstarétti um breytingu á úrskurðinum sér í hag. Af þessum sökum getur aðalkrafa þessa varnaraðila ekki komið frekar til álita.

Fyrir Hæstarétti ber sóknaraðili aðallega fyrir sig, að ákvæði a-

liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 geti ekki átt við í tilvikum, þar sem mælt er fyrir í samningi um skyldu til að höfða mál hér á landi, svo sem gert var í sjófarmbréfi (Sea Waybill), sem mál þetta varðar. Verði að líta svo á, að fallið sé frá rétti til að krefjast málskostnaðartryggingar, þegar samið sé um varnarþing í heimalandi eins aðilans, líkt og hér hafi verið gert. Varðandi þessa málsástæðu sóknaraðila verður að líta til þess, að í fyrrnefndu lagaákvæði er ekki gerður greinarmunur á dómsmálum eftir því, hvaða ástæður kunni að búa því að baki, að þau séu höfðuð hér á landi. Ekki er mælt fyrir um, að ákvæðið gildi ekki í tilvikum, þar sem erlendur sækjandi máls hefur gengist undir samning um, að það skuli rekið fyrir íslenskum dómstólum. Vegna þessa og þar sem varnaraðilar hafa ekki í sjófarmbréfi eða á annan hátt leyst sóknaraðila undan því að kunna að þurfa að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í þessu máli, er ekki unnt að fallast á þessa röksemd hans.

Þá heldur sóknaraðili því fram með sama hætti og fyrir héraðsdómi, að í málinu eigi við undantekning samkvæmt a-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 frá skyldu til að setja málskostnaðartryggingu, þar sem menn búsettir hér á landi séu undanþegnir því að þurfa að setja slíka tryggingu við málshöfðun fyrir dómstólum í Bandaríkjunum. Samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991 hvílir á sóknaraðila að leiða í ljós tilvist og efni bandarískra réttarreglna, sem slík niðurstaða yrði reist á. Því hefur hann í engu sinnt. Af þessum sökum og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður staðfest niðurstaða hans um, að sóknaraðila beri að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar samkvæmt kröfum varnaraðila.

Fjárhæð málskostnaðartryggingar er hæfilega ákveðin í úrskurði héraðsdóms. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur að öðru leyti en um frest handa sóknaraðila til að setja tryggingu, en um það atriði fer samkvæmt því, sem í dómsorði segir.

Ekki eru efni til að víkja í dómi þessum að hugsanlegum afleiðingum þess, að sóknaraðili setji ekki málskostnaðartryggingu, svo sem varnaraðilinn Hf. Eimskipafélag Íslands sýnist ætlast til með fyrrgreindri kröfugerð sinni, enda gildir í þeim efnum ákvæði 3. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991.

Rétt þykir, að aðilar beri hver sinn kostnað af þessu kærumáli.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur að öðru leyti en því, að frestur handa sóknaraðila, Elvex Corporation, til að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar skal vera fjórar vikur frá uppsögu þessa dóms.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júní 1998.

Ár 1998, mánudag 8. júní, er dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur sett í Dómhúsinu við Lækjartorg og þar háð af Áslaugu Björgvinsdóttur dóm-arafulltrúa.

Mál þetta var þingfest 16. apríl 1998.

Stefnandi er Elvex Corporation, 7 Trowbridge Drive, Bethel, CT 06901, Bandaríkjunum.

Stefndu eru Hf. Eimskipafélag Íslands, Pósthússtræti 2, Reykjavík, og Atalanta Schiffahrtsgesellschaft mbH & Co., Palmaille 33, Hamborg 22767, Þýskalandi.

Við þingfestingu málsins gerðu stefndu kröfu um málskostnaðartryggingu úr hendi stefnanda með vísan til a-liðar 1. mgr. 133. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Því var mótmælt af hálfu stefnanda, og hann hefur enn fremur mótmælt fjárhæð málskostnaðartryggingarkröfu. Málinu var frestað til 21. apríl 1998 til þess að gefa lögmönnum aðila kost á að tjá sig um ágreininginn. Þegar málið var tekið fyrir þann dag, óskaði lögmaður stefnanda eftir fresti, og var það samþykkt af hálfu lögmanns stefndu. Málinu var frestað til 25. maí, en þá var það tekið fyrir að nýju, og af hálfu aðila voru reifaðar helstu málsástæður til stuðnings kröfum þeirra, en málið að því loknu tekið til úrskurðar.

Málsástæður aðila.

Stefnandi heldur því fram, að sú regla gildi í Bandaríkjunum, að aðilar beri sinn kostnað af málarekstri fyrir dómstólum. Þess vegna séu engar reglur um málskostnaðartryggingu, og því yrði Íslendingi aldrei gert að setja tryggingu fyrir málskostnaði fyrir bandarískum dómstólum. Engin gögn hafa verið lögð fram, sem staðfesta þessa fullyrðingu stefnanda, en stefnandi lýsti yfir því fyrir réttinum, að þar sem þetta væri ekki sett laga-regla gæti hann ekki lagt fram nein gögn um tilvist reglunnar. Stefnandi og stefndu deila reyndar um það, hvort það sé stefnandi eða stefndi, sem hafi sönnunarbyrði um það, að skilyrðum a-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 sé fullnægt, en stefnandi heldur því fram, að sá, sem geri kröfu samkvæmt ákvæðinu, þurfi að sýna fram á, að skilyrði séu til, eins og raunin sé einnig um b-lið sama ákvæðis.

Forsendur og niðurstaða.

Ekki verður séð, að Ísland og Bandaríkin hafi gert með sér samning, sem undanþiggi þegna ríkjanna því að leggja fram tryggingu fyrir málskostnaði, og sú staðhæfing stefnanda, að Íslendingi yrði aldrei gert að setja tryggingu fyrir málskostnaði fyrir bandarískum dómstólum, er ekki studd neinum gögnum. Ekki er unnt að fallast á það með stefnanda, að sá, sem geri kröfu samkvæmt a-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 19/1991, þurfi að sýna fram á það með óýggjandi hætti, að menn búsettir á Íslandi séu undanþegnir því að setja slíka tryggingu í landi stefnanda. Er þá bæði horft til þess, að stefnanda hlýtur að vera hægara um vik að afla gagna um réttarstöðuna að þessu leyti í landi sínu, og enn fremur til dómaframkvæmdar Hæstaréttar, sbr. H. 1996, 1642, H. 1995, 493, og H. 1994, 1461. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 verður því að fallast á kröfur stefndu um tryggingu fyrir málskostnaði, sem þykir hæfilega ákveðinn 500.000 krónur til handa hvorum stefndu, samtals 1.000.000 kr. Tryggingin skal sett með peningum eða bankaábyrgð, og ber að afhenda skilríki fyrir henni í dóminum innan tveggja vikna frá uppkvaðningu þessa úrskurðar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Stefnandi, Elvex Corporation, skal setja tryggingu, að fjárhæð 500.000 kr. fyrir greiðslu málskostnaðar í héraðsdómsmálinu nr. E-1848/98 til handa hvorum stefndu, Hf. Eimskipafélagi Íslands og Atalanta Schiffahrtsgesellschaft mbH & Co.

Tryggingarnar ber að setja með peningum eða bankaábyrgð og að afhenda dóminum skilríki fyrir þeim innan tveggja vikna frá uppkvaðningu þessa úrskurðar.